

## Samráðsfundur

**Dags:** 8. Sept. 2008, kl. 10:30

**Aðili:** Landssamband stangveiðifélaga

Fulltrúar: Ingólfur Þorbjörnsson, formaður, Hans Ólafsson, varaform.

Tengiliðir: ingo@nmi.is

**Viðstaddir stjórnarmenn:** Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Hjörleifur Kvaran, Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Steinunn Fjóra Sigurðardóttir, Tómas Þór Tómason.

1. Ingólfur er jafmframt frksvtj. Nýsköpunarsjóðs og þekkir þannig aðeins til Rammaáætlunar.
2. Um 70.000 Íslensingar munu stunda stangveiði sem áhugamál. Hagsmunir LS gagnvart Rammaáætlun felast verndun þeirra vatnsasvæða og öllu lífríki fiska. Stundum eykur virkjun á veiði, t.d. Blanda, en uppi hafa verið hugmyndi um að virkja veiðiár. Mikilvægt að huga að hagsmunum veiðimanna og landeigenda. T.d. mun um helmingur allra tekna bænda í Borgarfirði koma af sölu veiðileyfa.
3. „Okkar almenna afstaða er að tekið sé með í reikninginn hvaða áhrif það hefur á veiði þegar hugað er að virkjunum. Mikilvægt er að varðveita þessa auðlind.“
4. Benda á að Landsamband veiðifélaga eigi mikilla hagsmuna að gæta. Þar eru á ferðinni samtök landeigenda og eigenda ána. LS er hins vegar samtök þeirra sem kaupa leyfi og veiða.
5. Benda einnig á að hagsmunir nái einnig til háhitasvæða, t.d. hvert afrennsli beint er og hvaða áhrif hefur það á veiði í ám (og vötnum).